

SAMNINGUR UM AÐGANG AÐ UPPLÝSINGAVEITU

Fræðsluaðili (kt. 123456-7890), annars vegar og **Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara** hins vegar gera með sér svofelldan samning um birtingu upplýsinga á upplýsingaveitu fagráðsins (starfsthrounkennara.is). Upplýsingarnar varða fræðslu og stuðning við starfsþróun, sem **Fræðsluaðili** býður kennurum og skólastjórnendum í leik-, grunn-, framhalds- og/eða tónlistarskóla, ásamt náms- og starfsráðgjöfum.

1. gr.

Samningurinn skuldbindur fræðsluaðila til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir birtingu fræðslutilboða á upplýsingaveitu og að fræðsluaðili geti treyst því að ritstjórn upplýsingaveitu standi við það sem til er ætlast af henni.

2. gr.

Einungis sé sett inn efni á upplýsingaveituna sem sérstaklega er ætlað kennurum, skólastjórnendum, náms- og starfsráðgjöfum í skólum og tengist faglegri starfsþróun þeirra og símenntun. Allar upplýsingar eru á ábyrgð þess fræðsluaðila sem setur þær inn. Ritstjórn fer yfir upplýsingar sem birtar eru á vefnum og getur ef þörf þykir lokað fyrir aðgang viðkomandi innan hálf mánaðar að fram kominni áminningu.

3. gr.

Fræðsluaðili skuldbindur sig til að gefa réttar upplýsingar um sig og innihald fræðslutilboða. Ekki sé lofað styrkjum nema fræðsluaðili veiti þá sjálfur. Fræðsluaðili veitir ekki námseiningar nema hann hafi til þess formlegt leyfi löggjafans. **Fræðsluaðili** tryggir að þær upplýsingar sem aðgengilegar eru um hann á upplýsingaveitunni séu uppfærðar eftir því sem við á.

4. gr.

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara skuldbindur sig til að sjá til þess að upplýsingaveitan sé aðgengileg, viðmót sé notendavænt og að hún sé kynnt sem víðast. Fagráðið fylgist með því efni sem birt er og að það uppfylli þau skilyrði sem sett eru í 2. og 3. grein þessa samnings.

Reykjavík, dagsetning

F.h. fagráðs um símenntun
og starfsþróun kennara

F.h. fræðsluaðila